

ÍSLE3CB05

Heimsbókmenntir

Áfanginn er kjörgreinaráfangi og valáfangi á 3. þrepi.

Undanfarar:

ÍSLE2BB05 / ÍSLE2AB10.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum eru heimsbókmenntir lesnar í íslenskum þýðingum. Nokkrar af mikilvægustu skáldsögum bókmenntasögunnar eru lesnar og höfundar og umhverfi sagnanna kynnt. Endanlegur leslisti verður ákveðinn í samráði við nemendur en meðal annars verða verkin Glæpur og refsing eftir Fjodor Dostojevskí, og Vopnin kvödd eftir Ernest Hemingway lesin. Þá verður leikritið Fást eftir Johann Wolfgang von Goethe lesið. Einnig verður lesin þýðing á nýlegu verki sem vakið hefur athygli og sterk viðbrögð.

Námsmat:

Námsmat byggir á munnlegu lokaprófi, ástundun og fjölbreyttri verkefnavinnu, meðal annars á veigamikilli skáldsögukynningu undir lok annarinnar.